

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1695  
komudagur 7.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 06.04.2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, 333. mál.**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 þar sem lagt er til að tekin verði upp í lögin nýr kafli um greiðsluáðlögun einstaklinga sem ekki stunda atvinnurekstur. Markmiðið er að koma á úrræði til að aðstoða einstaklinga sem eru í mjög alvarlegum greiðsluferfiðleikum og ekkert blasir við nema viðvarandi erfiðleikar eða gjaldþrot.

Meirihluti gjaldþrotabeiðna á einstaklinga mun stafa frá hinu opinbera og vera vegna skattskulda, íbúðarlána og meðlagsskulda. Vilji opinberir aðilar fella niður slíkar kröfur við einhverjar aðstæður eða að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er rétt að settar verði um það reglur á þeim vettvangi án grundvallar breytinga á gjaldþrotarétti landsins.

Þá er eðlilegra að líta til þeirra úrræða sem fyrir eru og athuga hvort forsendur eru til styrkingar þeirra frekar en grípa til lagabreytinga eins og lagt er til með frumvarpinu. Það vekur auk þess athygli að þar er gert ráð fyrir að lögfest verði séríslenskt úrræði og ekki byggt á reynslu nágrannaþjóða af greiðsluáðlögunarfyrirkomulagi.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur.